

FYRSTI KAFLI

JANÚAR 2009

Á Íslandi ríkti reiði. Meiri reiði en nokkru sinni síðan fyrstu víkingarnir stigu á land í Reykjavík fyrir þúsund árum.

Og í brjósti Hörpu ríkti enn meiri reiði.

Hún stóð ásamt fjögur þúsund löndum sínum á Austurvelli fyrir fram- an Alþingishúsið og hrópaði, kyrjaði og barði. Hún sló saman potti og loki sem hún hafði tekið með sér. Hinir voru með alls kyns eldhúsáhöld, einnig tambúrínur, trommur, flautur, þokulúðra – hvaðeina sem gat framkallað hávaða. Smávaxin gömul kona stóð við hliðina á henni, tein- rétt og ögrandi á svip. Hún sló göngugrindinni sinni í götuna og hrópaði. Heiftin skein úr augum hennar.

Skarkalinn var skipulagslaus. Múgurinn hafði misst taktinn niður í ósamhljóma glymjanda og reiðilegt, sundurlaust söngl á borð við „Burt með Ólaf!“, „Skíta-ríkisstjórn!“ og svo einfaldlega „Afsögn!“ Þetta var um miðjan janúar og það var kalt – á jörðinni var snjófól. Harpa hélt á sér hita með því að framleiða hávaða. En með því að hrópa og berja fékk hún líka útrás fyrir reiðina og hatrið, sem höfðu ólgað innra með henni mánuðum saman, líkt og gufustrókur djúpt úr heitum iðrum landsins stæði upp í kalt loftið.

Það var farið að dimma. Margir höfðu haft með sér blys og kyndla sem ljómuðu nú skærar í hálfrokkrinu. Í Alþingishúsinu var allt uppljómað.

Líkt og síðustu sautján laugardaga hafði fólk safnast saman til að segja stjórnmalamönnunum að gera eitthvað til að bjarga Íslandi úr ógöngunum sem þeir höfðu komið því í. En í dag var þriðjudagur, þing-

setningardagur. Mótmælin urðu ákveðnari, hávaðinn stigmagnaðist, forsætisráðherrann og ríkisstjórnin urðu að segja af sér og boða til kosninga. Ólafur Tómasson, fyrrverandi seðlabankastjóri og núverandi forsætisráðherra, maðurinn sem hafði einkavætt bankana og síðan lokað augunum þegar þeir fengu lánaða miklu meiri peninga en þeir gátu nokkurn tímann borgað, varð líka að segja af sér.

Þetta var í fyrsta skipti sem Harpa var viðstödd svona mótmæli. Í fyrstu hafði hún ekki verið hrifin af þeim. Hún áleit að ofbeldi og átök væru ekki aðferð Íslendinga, að mótmælendur skildu ekki hvað ástandið var flókið. En eins og þúsundir annarra Íslendinga hafði hún misst vinnuna. Hún kunni að reikna og vissi að það tæki þjóðina áratugi að borga skuldina sem íslensku bankarnir höfðu safnað. Markús, sonur hennar, var bara þriggja ára. Hann yrði enn að borga fyrir þá þegar hann væri orðinn fertugur.

Þetta var rangt. Þetta var svo rangt.

Ólafur Tómasson átti sök á þessu. Og hinir stjórnámálamennirnir. Og bankamennirnir. Og Gabríel Örn.

Auðvitað hafði hún átt sinn þátt í þessu. Þess vegna hafði hún ekki tekið þátt í mótmælunum í fyrstu. En nú barði hún og hrópaði og sektarkenndin jók bara á heiftina.

Mótmælin höfðu byrjað friðsamlega. Rithöfundur, tónlistarmaður og átta ára stúlka fluttu hvatningarræður. Fólk veifaði íslenska fánanum og sveiflaði mótmælaborðum. Andrúmsloftið minnti meira á skemmtun en uppreisn.

En fólkið var reitt og reiðin fór vaxandi.

Klæddir svörtu einkennisbúningunum sínum og hjálmunum röðuðu lögregluþjónarnir sér upp fyrir framan þinghúsið og vísuðu stjórnámálamönnum veginn í gegnum mannþyrpinguna. Þeir voru búnir kylfum, skjöldum og rauðum piparúðabrúsum. Sumir buðu múgnum byrginn, herðabreiðir og hávaxnir. Aðrir bitu á jaxlinn.

Egg og skyrdósir flugu um loftið. Svartklæddir mótmælendur með lambhúshettur eða trefla fyrir andlitinu hlupu að röðinni sem lögreglan

hafði myndað. Hópurinn lét til skarar skriða. Sumir, reyndar margir, hrópuðu og sögðu mótmælendunum að láta lögregluna í friði. Aðrir hvöttu þá til dáða. Nú var ekki einungis skyri kastað heldur einnig gangstéttarhellum. Lögreglukona féll í götuna og blóð rann niður vanga hennar.

Blásið var í flautur. Fólkið í svörtu einkennisbúningunum lyfti brúsunum sínum og sprautaði piparúða inn í mannþröngina.

Hópurinn hrökklaðist undan. Hörpu var ýtt aftur á bak og hún hrasaði um fæturna á manninum sem stóð fyrir aftan hana. Eitt andartak hélt hún að hún yrði troðin undir. Það marraði í stígvéli á kálfanum á henni. Hún lá á bakinu og lyfti upp pottinum til að verja andlit sitt. Reiðin vék fyrir óttanum.

Sterkir handleggir hjálpuðu henni á fætur og færðu hana fjær mannfjöldanum.

„Er allt í lagi með þig? Fyrirgefðu, ég ætlaði ekki að velta þér um koll.“

Maðurinn var grannur og sterklegur, með þykkar, dökkar augabrúnir og dimmblá augu. Harpa hrökk við þegar hún sá hann. Hún kom ekki upp orði.

„Jæja, við skulum koma okkur út úr þessu.“

Hún kinkaði kolli og elti manninn, sem ruddi sér leið gegnum múginn yfir á flötina yst á Austurvelli þar sem mannfjöldinn var dreifðari. Höndin sem hélt um handlegg hennar var breið og sigggróin. Sjómannshönd. Eins og höndin á pabba hennar.

„Þakka þér fyrir,“ sagði Harpa og beygði sig til að nudda á sér sköflunginn þar sem stígvélið hafði troðið á honum.

„Ertu slösuð?“ Hann brosti. Brosið var þvingað og dauft en bar engu að síður merki um ósvikna umhyggju.

„Þetta verður allt í lagi.“

Unglingur þaut framhjá þeim og spýtti um leið og hann reif af sér lambhúshettuna og neri á sér augun. Hann var áreiðanlega ekki eldri en fjórtán ára. Annar mótmælandi hallaði höfðinu á drengnum aftur og hellti mjólk í augun á honum til að draga úr óþægindunum.

„Fáviti,“ sagði Harpa. „Þetta ástand er ekki lögreglunni að kenna.“

„Kannski ekki,“ sagði maðurinn. „En við þurfum að ná athygli stjórnmalamannanna. Kannski þarf þetta til.“

„Uss, þetta er aumkunarvert!“ rumdi djúp rödd fyrir aftan þau. Harpa og bjargvættur hennar litu við og sáu hvar herðabreiður, miðaldra maður með þrútin augu, rytjulegt, grátt skegg og tagl horfði brúnaþungur á þau. Vömbin á honum lafði yfir gallabuxnastrenginn og á höfðinu bar hann barðastóran leðurhatt. Hörpu fannst hún kannast við hann en var ekki viss.

„Hvað áttu við?“ spurði Harpa.

„Íslendingar eru aumkunarverðir. Nú er rétti tíminn til að gera raunverulega byltingu. Við getum ekki bara setið kyrr og talað kurteislega um breytingar og barið potta og pönnur. Fólkið verður að taka við stjórninni. Núna.“

Harpa glennti upp augun þegar hún heyrði þetta. En í návist sjómansins minnkaði óttinn og reiðin jókst á ný. Þetta var rétt hjá honum. Þetta var fjandakornið rétt hjá honum.

„Ert þú ekki Sindri?“ spurði sjómaðurinn. „Sindri Pálsson?“

Maðurinn kinkaði kolli.

„Ég hef lesið bókina þína, *Dauði auðmagnsins*.“

„Og?“ Stóri maðurinn lyfti brúnum.

„Mér fannst hún dálítið öfgakennd. Nú er ég ekki eins viss um að hún sé það.“

Stóri maðurinn hló.

Nú mundi Harpa hvar hún hafði séð þetta andlit. Hann hafði verið pönkari snemma á níunda áratugnum, átt einn smell og hafði svo skotið upp kollinum aftur tveimur áratugum síðar, þá orðinn rithöfundur sem aðhylltist stjórnleysi.

„Ég heiti Björn,“ sagði sjómaðurinn og rétti fram höndina. Sindri tók í hana.

„Og þú?“ spurði hann Hörpu. Hún fann áfengislykt af honum og skynjaði áhuga hans þegar hann virti hana fyrir sér. Þó að hún væri

atvinnulaus, einstæð móðir og komin undir fertugt leist karlmönnum enn vel á hana, ekki síst þeim eldri.

„Harpa,“ svaraði hún og leit snögg á Björn. Hann brosti. Guð, hvað hann var aðlaðandi. Það var eitthvað við hann ... eða kannski var það bara eitthvað í henni, eitthvert endurkast reiðinnar sem hún hafði fengið útrás fyrir.

Hann var svo sannarlega meira aðlaðandi en Gabriel Örn. Leitt að hann skyldi vera sjómaður. Það hafði verið regla númer eitt hjá henni alveg síðan á unglingarárunum að slá sér ekki upp með sjómönnum.

„Burt með Ólaf!“ öskraði Sindri og steytti hnefann.

Þessi stóri maður var tilkomumikil sjón þar sem hann öskraði af lífs og sálar kröftum svo að taglið sveiflaðist til.

Harpa leit á Björn. „Burt með Ólaf!“ hrópaði hún.

Myrkrið skall á. Mótmælin hörðnuðu. Eldra fólkið hvarf á braut og hlutfall mótmælenda með hettu og hulið andlit hækkaði. Jólátréð á miðju torginu féll og skömmu síðar var það alelda. Bumbur voru bardar og fólkið dansaði. Harpa og Björn héldu sig nálægt Sindra, sem gekk í gegnum þvöguna og spjallaði við hvern einasta mann. Í fylgd hans fannst Hörpu hún eiga heima í hópnum og reiðin blossaði upp í henni á ný.

Loksins hafði lögreglan fengið nóg. „Gas! Gas!“ hrópaði mannfjöldinn.

Augnabliki síðar sveið Hörpu í augun. Hún hallaði sér fram og Björn dró hana burt. Eitthvað kitlaði hana í hálsinn. Þau hlupu lengra burt, af Austurvelli, umkringd hundruðum manna, og komust undan áður en gasið náði niður í lungun að heitið gæti. Þau misstu sjónar á Sindra augnablik en komu svo auga á hann þar sem hann var að tala við ungan mann, beran að ofan, sem stakk höfðinu á kaf í vatnsfötu. Pilturinn var með rautt, úfið hár og í kuldanum sló bleikum bjarma á kroppinn í glampanum frá logunum. Sindri virtist vera að óska honum til hamingju og klappaði honum á bakið. Pilturinn skalf en hann var reiður og reiðin hélt á honum hita.

Nú voru þau komin að hinni tilkomumiklu stytta af Ingólfi Arnarsyni, skammt frá Austurvelli.

„Gasið fer að minnsta kosti ekki illa í hann,“ sagði Sindri. „Ef landinu væri enn stjórnað af mönnum eins og honum myndu þeir vita upp á hárfvað þeir ættu að gera við bankastjórana og stjórnámálamennina.“

Harpa dáðist að sterklegum vöðvunum á Ingólfi. „Skyldi hann í alvörunni hafa litið svona út?“ sagði hún.

„Mér hefur alltaf fundist hann dálítið kvenlegur,“ sagði Sindri. „Sjáið hvernig hann hallar sér á skjöldinn og skýtur fram mjöðminni.“

„Nei, nei,“ sagði Harpa. „Hann er karlmennskan uppmáluð.“

„Hann hefur örugglega verið stuttur og digur og með undirhöku,“ sagði Björn.

Þau hlógu.

„Komið með mér heim og fáid ykkur neðan í því,“ sagði Sindri við Hörpu og Björn. „Ég bý herna rétt hjá.“ Þau litu hvort á annað: Ég fer ef þú ferð.

„Allt í lagi,“ sagði Harpa. Þau eltu því Sindra ásamt piltinum sem enn var ber að ofan og veifaði skyrtunni út í loftið, fullur viðbjóðs.

„Viltu annan, Harpa?“

Harpa kinkaði kolla og Sindri hellti aftur úr koniaksflöskunni í glasið hennar. Áfengið jók á áhrif efnanna sem höfðu losnað í líkamanum meðan á yndislegri ringulreið mótmælanna stóð og hún var nú orðin þægilega ringluð. Hún hafði ekki fengið sér almennilega í glas í margar vikur. Hún hafði alltaf verið vör um sig gagnvart fólki sem drakk í miðri viku en þetta var enginn venjulegur þriðjudagur.

Fimmmenningarnir voru í íbúðinni hans Sindra: Húsráðandi sjálfur, Harpa, Björn, rauðhærði pilturinn og lágvaxinn, snyrtilega klæddur maður sem var nógu ungur til að geta verið í háskólanámi og hafði slegist í hópinn einhvers staðar á leiðinni. Sá rauðhærði hét Frikki en háskólaneminn Ísak.

Sindri skemmti sér konunglega og var hinn ljúfasti í viðmóti, ekki síst gagnvart henni. Hann hafði boðið henni sæti við hliðina á sér á ræfils-

legum sófa, Björn og Ísak sátu í gömlum hægindastólum andspænis þeim og Frikki húkti á gólfinu. Íbúðin var algert greni. Hún var lítil, loftið sprungið, viðargólfið rispað og út um allt lágu bækur, dagblöð, tímarit og öskubakkar fullir af sígarettustubbum. Óhreint leirtau beið í vaskinum í króknum sem taldist vera eldhús. Það eina sem lifgaði upp á staðinn voru þrjú eða fjögur landslagsmálverk hér og þar á veggjunum. Hið stærsta þeirra var af bónda sem bar meðvitundarlausa stúlku yfir heiði.

Pau höfðu lokið við flösku af rauðvíni og voru byrjuð á koníakinu.

Harpa var hin ljúfasta við Sindra. Henni féll athyglin vel í geð og það sem hann sagði var áhugavert. En það var nærvera Björns sem hún naut best. Hann sat hinn rólegasti og hlustaði á Sindra, hæglátur og yfirvegaður. Hann greip ekki til neinna af þessum venjulegu karlabrögðum til að ná athygli hennar en þó tók hún eftir því að hann gaut annað slagið augunum á hana.

Henni fannst gaman. Eitt andartak fékk hún samviskubit yfir að hafa farið frá Markúsi en mamma hennar hafði mjög gaman af að gæta hans. Hún var alltaf að segja Hörpu að hætta að láta sér leiðast og fara þess í stað út og hitta karlmenn. Hún hafði á réttu að standa. Harpa hékk næstum alltaf heima í litla húsinu sínu á Seltjarnarnesi síðan Gabriel Örn sveik hana.

„Ég veit að ég lít ekki út fyrir það,“ sagði Sindri, „en ég er bóndi. Fólkið mitt er að minnsta kosti bændur. Það er að segja þangað til bankinn neyðir þau til að selja jörðina.“

„Hvað gerðist?“ spurði Harpa.

„Það er þrýst á alla,“ sagði Sindri. „Meira að segja bændurnar. Bróðir minn, sem rekur búíð núna, getur ekki staðið í skilum. Svo að þetta er *finito*.“ Sindri dró vísifingur þvert yfir hálsinn á sér. „Bara si-svona. Bylí sem getið er í Landnámabók er lagt í rúst. Þetta er svo sorglegt.“

Hörpu hafði skilist að búskapur væri í raun eitt af því fáa í efnahagslífinu sem gengi vel eftir fall krónunnar en vildi ekki andmæla Sindra úr því að hann var kominn í þennan ham.

Sindri sneri sér að henni. „Það eru bændurnir sem eru hin raunverulega

sál Íslands. Eins og hann Bjartur þarna. “Hann benti á myndina af bóndanum með stúlkuna í fanginu. „Ég málaði þetta.“

„Hún er góð,“ sagði Harpa. Og það var hún. Sjá mátti að pensilstrokurarnar voru verk byrjanda en málaranum tókst engu að síður að koma til skila tign hins hrjóstruga en fagra landslags.

„Bændurnir og sjómennirnir,“ hélt Sindri áfram og óx ásmegin við hólið. „Þetta eru menn sem vinna baki brotnu við erfið skilyrði uppi á fjöllum og úti á sjó, menn sem spara og strita til að ná endum saman. Og ekki bara karlmenn, líka konur. Við eigum duglegustu og sjálfstæðustu konur í heimi. Við höfum þurft á þeim að halda til að komast af. Og núna koma þessir bankastjórar, lögfræðingar og stjórnámamenn og það eina sem þeir kunna er að eyða og slá lán, eyða og slá lán. Krakkar í dag kunna ekki að vinna, vita ekki hvað það er að þramma yfir fjöll í hávaðaroki í leit að týndum sauðum.“

„Sum okkar vita það,“ sagði Frikki. „Þangað til fyrir hálfum mánuði eyddi ég öllum mínum tíma í eldhúsi helvítis og bjó til mat handa þessum gaurum. Og upphæðirnar sem þeir borguðu! Tíu þúsund krónur fyrir sverðfisk sem flogið hafði verið með úr Kyrrahafi – og við sem eigum allan þennan frábæra fisk allt í kringum landið.“

„Fyrirgefðu, Frikki,“ sagði Sindri. „Þetta er rétt hjá þér. Það hafa ekki allir gleymt þessu. Það er ennþá fullt af góðum og gegnum Íslendingum sem geta unnið alvöru vinnu og vilja vinna. Við höfum alltaf verið til. Það hefur bara enginn hlustað á okkur.“

Harpa velti því fyrir sér hvort Sindri hefði nokkurn tímann unnið „alvöru vinnu“ eftir að hann fór úr sveitinni. En hann hafði nokkuð til síns máls. Fyrir örfáum mánuðum hefði hún ekki virt svona náunga viðlits og fundist hann vera fákunnandi hugsjónamaður, en núna fannst henni hann hafa nokkuð til síns máls.

„Hvaða möguleika hef ég á því að finna alvöru vinnu?“ spurði Frikki. „Það er ekkert að hafa.“

„Hvað um þig, Björn?“ spurði Sindri.

„Ég er sjómaður,“ sagði Björn. „Frá Grundarfirði. Ég kom hingað í

morgun á mótorhjólínu mínu til að taka þátt í mótmælunum. Og ég er sammála þér, Sindri. Ég ræ eins og kvótinn leyfir en vinn mér samt ekki nógu mikið inn til að geta borgað skuldirnar. Í þessari stöðu eru margir. Bankarnir sögðu okkur að taka lán í erlendri mynt af því að vextirnir væru lægri. Og nú segja þeir mér að skuldir mínar hafi ekki bara tvöfaldast vegna falls krónunnar heldur verði ég að borga það sem bankarnir fengu að láni frá Bretum og Hollendingum til þess að lána mér. Þetta er fáránlegt. Brjálæði.“

Hörpu leist ekki á hvert umræðurnar stefndu.

Annar gestur hafði tekið eftir óróleika hennar. „Hvað með þig, Harpa?“ Þetta var háskólaneminn Ísak. Hann gaf henni nánar gætur. Hún fann að hann hafði einhvern veginn getið sér til um það hver hún var eða hver hún hafði verið, þó að hún hefði verið án atvinnu mánuðum saman. Réð hann það af tali hennar, klæðaburði eða einhverju í tengslum við viðhorf hennar? Harpa kunni ekki vel við hann. Það var eitthvað ógeðfellt við kuldalega fjarlægðina sem einkenndi hann, eitthvað sem rímaði ekki við reiðina í þeim hinum. En hún komst ekki hjá því að svara spurningu hans.

„Ég missti vinnuna eins og Frikki.“

„Almáttugur!“ hreytti Sindri út úr sér. „Ein í viðbót!“

„Og hvaða vinna var það?“ spurði Ísak lágt.

Harpa fann að hún roðnaði. Fór hjá sér. Skammaðist sín. Fylltist sektarkennd. Þessar tilfinningar helltust allar yfir hana. Henni fannst eins og þeir væru allir að horfa á hana, en hún forðaðist augnaråd þeirra, starði ofan í koniaksglasið sitt og leyfði dökku, liðuðu hárinu að falla fram á ennið og hylja augun.

Það var þögn. Björn ræskti sig. Hún leit upp og þau horfðust í augu.

Hún varð að sætta sig við það hver hún var. Sætta sig við það sem hún og annað fólk í hennar stöðu hafði gert. Sætta sig við það hvernig hún hafði verið notuð.

„Ég var yfirmaður í banka. Ég vann í Óðinsbanka þangað til fyrir tveimur mánuðum þegar kærastinn minn rak mig. Mér tókst einhvern

vegin aldrei að komast yfir sama magn af peningum og hinir. Og það litla fé sem ég átti var bundið í hlutabréfum í Óðinsbanka og þau eru verðlaus núna.“

„Sástu ekki hvað var í vændum?“ spurði Ísak.

„Nei. Nei, það sá ég ekki,“ svaraði Harpa. „Ég trúði þessu öllu saman. Sögunni um að við værum fjármálasnillingar, yngri og sneggri og klárari en hinir. Að við værum útrásarvíkingar tuttugustu og fyrstu aldarinnar. Að við tækjum vísvitandi áhættu og græddum á því. Að auðæfin yrðu hér til frambúðar. Að þetta væri bara byrjunin á velmeguninni, ekki endalokin.“ Hún hristi höfuðið. „Mér skjátlaðist. Ég biðst afsökunar.“

Það varð andartaksþögn.

„Kapítalisminn ber í sér fræ sinnar eigin tortímingar,“ sagði Ísak. „Það er jafn satt núna og þegar Marx sagði það fyrir hundrað og fimmtíu árum. Þú skrifaðir um það, Sindri.“

Sindri kinkaði kolti, bersýnilega ánægður með vísunina í bókina sína. „Við höfum að minnsta kosti fengið afsökunarbeiðni,“ sagði hann.

„Það var svindlað á okkur öllum,“ sagði Björn. „Öllum.“

„Getum við ekki gert eitthvað?“ sagði Frikki. „Stundum langar mig bara til að berja þessa náunga í klessu.“

„Ég skil þig,“ sagði Björn. „Stjórnmalamennirnir ætla ekki að gera neitt, er það? Ætlar Ólafur Tómasson virkilega að setja alla bestu vini sína í steininn? Þeir skipa sérstaka saksóknara en ná aldrei í skottið á þessum bankastjórum. Þeir eru allir horfnir til Lundúna eða New York. Og svo vilja þeir peningana okkar til að þrifa upp skitinn.“

„Það er satt,“ sagði Harpa. „Óskar Gunnarsson er stjórnarformaður bankans míns. Hann hefur farið huldu höfði í Lundúnum allan tímann. Hann hefur ekki sést í Reykjavík í þrjá mánuði. En sumir hinna eru hérna ennþá. Ég veit að þeir eiga ennþá peninga sem þeir geyma einhvers staðar.“

„Eins og hverjir?“

„Eins og Gabriel Örn Bergsson, fyrrverandi yfirmaður minn. Þegar hann hvatti mig til að taka lán í Óðinsbanka til að kaupa hlutabréf

svo að verðið á þeim hækkaði, var hann sjálfur að selja þau. Og þegar bankinn var þjóðnýttur og gamla reglan virkjuð um að tvær manneskjur, sem væru í sambandi, mættu ekki vinna saman, var það ég sem var rekin.“

„Mér heyrir þetta vera indælisnáungi,“ sagði Björn.

Harpa hristi höfuðið. „Veistu, hann var í raun og veru aldrei indæll. Hann var fyndinn. Honum vegnaði vel. En hann hefur alltaf verið skít-hæll.“

„Hvar er hann núna?“ spurði Ísak.

„Meinarðu á þessari stundu?“ sagði Harpa.

Ísak kinkaði kolli.

„Ég hef ekki hugmynd um það,“ sagði Harpa. „Það er þriðjudagskvöld. Hann hlýtur að vera heima hjá sér – ég er alveg viss um að hann var ekki á mótmælafundinum. Hann býr í einni af íbúðunum þarna í Skuggahverfinu, rétt handan við hornið.“

„Heldurðu að hann viti hvar peningarnir eru?“

„Kannski,“ sagði Harpa. „Já, kannski.“

„Af hverju spyrjum við hann ekki að því?“ sagði Ísak.

Sindri brosti svo að hrukkur komu á pokana undir augunum. „Já. Fáum hann hingað. Látum hann segja okkur hvar helvítis þjófarnir földu peningana. Og þá getur hann reynt að verja það hvernig hann fór með þig. Og okkur öll.“

„Já. Og ég lem hann í spað,“ drafaði í Frikka.

Fyrstu viðbrögð Hörpu voru að harðneita. Gabriel myndi aldrei segja hópi drukkinna, ókunnra manna allt um hið flókna net lána milli fyrirtækja sem Óðinsbanki hafði búið til. Þeir myndu heldur ekki skilja hann. En á hinn bóginn ... Af hverju ætti Gabriel ekki að hitta fólkið sem hann hafði svindlað á? Játa hreinskilnislega hver hann væri eins og hún var nýbúin að gera? Af hverju í fjandanum ætti hann ekki að gera það? Mannfýlan átti það skilið, já, hann átti það sko skilið. Hefndin er sæt þegar maður er búinn að fá sér nokkur koníaksglös.

„Allt í lagi,“ sagði hún. „En það verður erfitt. Ég veit ekki alveg hvernig við getum fengið hann til að koma hingað.“

„Geturðu ekki sagt að þú þurfir að ræða eitthvert mál við hann?“ spurði Sindri.

„Kannski á krá. Eða heima hjá honum. En ekki innan um hóp af ókunnu fólki.“

„Fáðu hann til að hitta þig á krá niðri í bæ og svo stoppum við hann á leiðinni þangað,“ sagði Ísak. „Og komum með hann hingað.“

Harpa velti uppástungu Ísaks fyrir sér. „Gott og vel,“ sagði hún. „Ég skal reyna.“

Það var næstum komið miðnætti. Krárnar í Reykjavík voru enn opnar en það yrði erfitt að fá Gabríel til að fara út.

Hún tók upp farsímann sinn og valdi númerið hans. Það kom henni á óvart að hún skyldi ekki hafa eytt honum úr minninu. Hún hefði átt að vera búin að geryða honum úr lífi sínu.

„Já?“ svaraði hann svo lágt að það var næstum eins og kvak.

„Þetta er ég. Ég þarf að hitta þig. Í kvöld.“

„Uuu. Hvað er klukkan? Ég var nýsofnaður. Þetta er fáránlegt.“

„Það skiptir miklu máli.“

„Má það ekki bíða?“

„Nei. Það verður að vera núna strax.“

„Harpa, ertu drukkin? Þú ert drukkin, er það ekki?“

„Auðvitað er ég ekki drukkin!“ mótmælti Harpa. „Ég er þreytt og æst og þarf að hitta þig.“

„Hvað er að? Af hverju geturðu ekki sagt mér það í símann?“

Harpa hugsaði óskýrt en hugmynd var að kvikna. „Þetta er ekki mál sem hægt er að ræða í síma.“

„Guð minn góður, Harpa, þú ert þó ekki ólétt?“

Gabríel hafði greinilega fengið sömu hugmynd.

„Ekki í síma, sagði ég. Hittu mig á B5. Eftir korter.“

„Allt í lagi,“ sagði Gabríel og lagði á.

Harpa sleit. „Búið og gert,“ sagði hún. B5 var krá við Bankastræti. Þau Gabríel Örn höfðu farið þangað með vinum sínum á föstudagskvöldum. „Ég veit hvaða leið hann fer, hvar við getum náð honum.“

„Drífum okkur,“ sagði Frikki.

Íbúðin hans Sindra var við Hverfisgötu. Þegar þau komu út undir bert loft var Harpa glaðari í bragði. Spenna og eynd síðustu mánaða gufuðu upp. Vissulega var bankastjórunum og stjórnmaláamönnunum um að kenna en einn maður átti öðrum fremur sök á því að líf Hörpu hafði verið lagt í rúst.

Gabríel Örn.

Og eftir andartak stæði hann augliti til auglitis við venjulega, heiðvirða fólkið sem menn eins og hann fyrirlitu svo mjög. Hann myndi reyna að snúa sig út úr þessu en hún ætlaði ekki að láta hann komast upp með það. Hún ætlaði að *neyða* hann til að standa fyrir framan þau og biðjast afsökunar og segja þeim frá því hvað hann væri mikill drulluhali.

Það rann ekki af Hörpu í kuldanum heldur fylltist hún orku. Hún gekk í fararbroddi og hvatti karlmennina til að flýta sér. Í Skuggahverfinu stóð ný þyrping lúxushýsa meðfram ströndinni. Reyndar höfðu verktakarnir aðeins lokið við nokkur þeirra áður en þeir urðu blankir. Húsin horfðu niður á hálfkláruð systkini sín og húsin í kring sem átti að rífa. Hús Sindra var eitt þeirra. Hún var aðeins um hundrað metra frá staðnum þar sem Gabríel Örn færi yfir Hverfisgötuna á leið sinni að B5.

Fáein snjókorn féllu. Það var framorðið en enn var fólk á götunum, uppveðrað af mótmælunum. Neðan við brekkuna, skammt frá Austurvelli, teygðu eldtungur sig upp úr sorptunnu á hjólum og lýstu upp hettuklæddar skuggaverur sem stóðu hjá. Tveir kínverjar sprungu.

Harpa gekk á undan þeim inn í eina af litlu hliðargötunum sem hún vissi að Gabríel Örn færi um. Og viti menn, þarna var hann, álútur í snjókomunni.

Hún nam staðar fyrir framan hann. „Gabríel Örn.“

Hann leit upp, hissa á svip. „Harpa? Ég hélt að við ætluðum að hittast á B5?“

Harpa fann viðbjóð hríslast um sig þegar hún horfði í andlit hans. Hann var fáeinum árum yngri en hún, svolítið þykkur í kringum kjálkabörðin og hálsinn og dökkt hárið farið að þynnast. Hvað hafði hún eiginlega séð við hann?

„Nei, ég vil að þú komir með okkur.“

Gabriel Örn leit aftur fyrir hana.

„Hvaða menn eru þetta?“

„Þeir eru vinir mínir, Gabriel Örn, vinir mínir. Ég vil að þú talir við vini mína. Þess vegna verðurðu að koma með mér.“

„Þú ert drukkin, Harpa!“

„Það skiptir ekki máli. Komdu nú með okkur.“

Harpa teygði sig í ermina á frakka Gabriels en hann hristi hana harkalega af sér. Frikki urraði og stikaði að honum. Pilturinn var ekki í neinni yfirhöfn, bara í Chelsea-stuttermabolnum sínum, en hann var svo drukkin að honum stóð á sama.

„Þú heyrðir hvað hún sagði,“ sagði hann og staðnæmdist örskammt frá Gabriel. „Þú kemur með okkur. Hann teygði sig í boðunginn á frakka Gabriels. Gabriel ýtti honum frá sér. Frikki bjóst til að reka honum hnefahögg með langri og mikilli sveiflu sem Gabriel átti ekki í neinum vandræðum með að víkja sér undan, enda allsgáður. Gabriel var að minnsta kosti fimmtán sentimetrum lægri en Frikki en með því að reka hnefann eldsnöggt fram náði hann að gefa Frikkna högg í andlitið svo að hann féll.

Frikki sat í götunni og neri á sér kjálkann. Harpa var forviða. Hún hafði ekki búist við því að Gabriel væri svo vel að manni.

Gabriel sneri sér við og ætlaði að ganga í burtu.

Harpa varð svo reið að hún sá rautt. Hann fengi *ekki* að labba svona burt frá þeim, nei, það fengi hann sko *ekki*.

„Gabriel! Stoppaðu!“ Hún ætlaði að grípa í hann en hann hrinti henni frá sér. Hún skjögraði upp að lágum vegg umhverfis lítið bílastæði. Á veggnum stóð tóm flaska undan Thule-bjór. Hún tók hana upp, gekk þrjú skref áfram, miðaði á skallablettinn á hnakkanum á Gabriel og sló hann af alefli með flöskunni.

Hann riðaði, hallaðist til hægri og féll. Áður en höfuðið skall í jörðina rakst það utan í járnstöpul við innkeyrsluna að litla bílastæðinu með óhugnanlegum smelli.

Hann lá kyrr.

Harpa missti flöskuna og bar höndina að munni sér. „Ó, Guð!“

Frikki rak upp öskur, æddi að liggjandi manningnum og sparkaði af alefli milli rifjanna á honum. Hann sparkaði tvisvar í bringuna og einu sinni í höfuðið áður en Björn greip um mittið á honum og skellti honum í götuna.

Andartaki síðar kraup Björn við hlið Gabríels Arnar og skoðaði hann.

Bankastjórnandinn lá hreyfingarlaus. Augun voru lokuð. Á fölt andlitið var þegar kominn vaxkenndur gljái. Snjókorn lenti á kinninni á honum. Undir stuttu, þunnu hárinu vætlaði blóðið úr höfði hans.

„Hann andar ekki,“ hvíslaði Harpa.

Svo æpti hún: „Hann andar ekki!“